

# JAFNLAUNASTEFNA

## JAFNLAUNASTEFNA OG JAFNRÉTTISÁÆTLUN TÖLVUTEKS

Tölvutek hefur innleitt jafnlaunakerfi skv. lögum um jafnastöðu og jafnan rétt kynjanna sem nær til alls starfsfólks með jafnlaunastefnu þessa sem grunn. Tilgangur með jafnlaunakerfi er að tryggja jafnrétti og jafna stöðu kynjanna innan Tölvutek með það að markmiði að nýta hæfni, krafta og kunnáttu starfsfólks til fulls án þess að kynbundin mismunun eigi sér stað.

Jafnlaunastefnan minnir stjórnendur og allt starfsfólk á mikilvægi þess að öll séu jöfn og að meta eigi þá auðlegð sem felst í menntun, reynslu og hæfni einstaklinga án tillits til kyns.

Mikilvægt er að fylgja meginreglunni um að öll njóti sömu tækifæra.

Jafnlaunastefna þessi er órjúfanlegur hluti af launastefnu Tölvutek og er jafnlaunakerfið undir stöðugum umbótum og eftirliti. Þættir sem hafa áhrif á launamyndun eru m.a. gildandi kjarasamningar, lög og reglur ásamt launaþróun. Starf, menntun, þekking og reynsla skipta einnig máli þegar kemur að launamyndun. Komi upp frábrigði er brugðist við þeim. Jafnlaunastefnan er kynnt öllu starfsfólki og er aðgengileg almenningi.

